

2. gr.

Nr. 31.
2.
nóvbr.

Nú losnar sæti í landsyfirrjettinum, dómari vikur úr sæti eða forfallast, og tekur þá dómstjóri eða sá, er veitir dómi forstöðu í hans stað, einn prófessoranna með hlutkesti í rjettinn. Ef enginn hinna reglulegu yfirdómara skipar sæti sitt, þá ganga 3 prófessorar lagadeildarinnar í rjettinn.

3. gr.

Sá af prófessorunum, sem hverju sinni verður kjörinn í dóminn, tekur hið auða sæti. Nú eru fleiri sæti auð en eitt, og fleiri prófessorar kjörnir í einu en einn, og taka þeir sæti í dóminum eftir embættisaldri.

4. gr.

Nú losnar sæti í landsyfirrjettinum, og tekur þá varadómari helming launa þeirra, er því sæti fylgja, þar til skipað er í embættið.

Þá er yfirdómari forfallast eða vikur sæti fær varadómari 40 kr. fyrir hvert mál, er hann tekur þátt í dómsuppkvaðningu þess.

Þá er varadómari gegnir störfum yfirdómara, án þess að hann sje forfallaður eða hafi orðið að vikja úr dómi, greiðir yfirdómari þóknunina.

5. gr.

Ef eigi er unt að taka varadómara úr lagadeild Háskólans, setur landsstjórnin dómara í hið auða sæti.

6. gr.

2. málsgr. 6. gr. í tilsk. 11. júlí 1800 er úr gildi numin með lögum þessum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 2. nóvember 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.

L ö g

Nr. 32.
2.
nóvbr.

um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rjett til þess að vera dómtúlkar og skjaltþýðendur.

Vjer Christian hinn Tiundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Stjórnarráðinu er heimilt að veita mönnum rjett til að vera dómtúlkar og skjaltþýðendur.

Nr. 32.

2.
nóvbr.

2. gr.

Ef maður vill öðlast þann rjett, sem um er rætt í 1. gr., skal hann hafa sannað fyrir Stjórnarráðinu, að hann kunni nægilega vel þá tungu, sem hann vill öðlast rjett til að túlka fyrir dómi eða þýða skjöl úr og á, og að hann hafi að öðru leyti þá þekkingu til að bera, er ætla má, að fullnægjandi sje til að leysa þau störf vel af hendi. Heimilt er Stjórnarráðinu að skipa prófnefnd og ákveða henni kaup, er greiðist úr landssjóði. Stjórnarráðið skipar fyrir um prófið.

3. gr.

Nú hefir maður öðlast rjett þann, er um er rætt í 1. gr., og skal hann þá skyldur að vera túlkur á dómþingum og þýða skjöl fyrir menn og stofnanir. Hann skal og heita því við drengskap sinn, að vinna verk sitt eftir bestu vitund, og að ljósta eigi upp leyndarmálum. Rjett er þó, að aðrir menn sjeu dómtúlkar og skjalþýðendur, ef þeir eru dómkvaddir til þess í hvert skifti.

4. gr.

Dómtúlkar og skjalþýðendur skulu sæta sömu viðurlögum fyrir brot sem sýslunarmenn.

5. gr.

Stjórnarráðið semur og setur verðskrá yfir verk dómtúlka og skjalþýðenda. Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 2. nóvember 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.

Nr. 33.

2.
nóvbr.

L ö g

um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Hreppsnefnd skal á ári hverju í októbermánuði gera áætlun um allar tekjur og útgjöld hreppsins yfirstandandi fardagaár, og að því leyti, sem aðrar tekjur hreppsins hrökkva eigi fyrir útgjöldum, jafna niður eftir efnun og ástæðum sem aukaútsvari því, sem vantar, á alla þá, sem eiga lögheimili eða hafa fast aðsetur í hreppnum eigi skemur en þrjá mánuði. Þeir skulu greiða þar fult gjald eftir öllum efnahag sínum, nema þeir